

**Lokaverkefni til B.ed. gráðu**  
**Kennaraháskóli Íslands**  
**Leiðsagnarkennari: Sigurður Pálsson**  
**Vor 2007**



## **Kennsluleiðbeiningar**

**Aron Hinriksson**  
**Gunnhildur S. Pálmarsdóttir**

## Efnisyfirlit

1	Um námsvefinn .....	Bls. 3
1.1	<i>Til kennara</i> .....	<i>Bls. 3</i>
1.2	<i>Myndbönd</i> .....	<i>Bls. 3</i>
1.3	<i>Söngur</i> .....	<i>Bls. 3</i>
1.4	<i>Bænir</i> .....	<i>Bls. 3</i>
2	Sakkeus.....	Bls. 4
3	Miskunnsami Samverjinn.....	Bls. 5
4	Týnda drakman .....	Bls. 6
5	Bartímeus blindi.....	Bls. 7
6	Týndi sauðurinn.....	Bls. 8
7	Mettun þúsundanna .....	Bls. 9
8	Jesús blessar börnin.....	Bls. 10
9	Eyrir ekkjunnar .....	Bls. 11
10	Páskar .....	Bls. 12
11	Heimildaskrá.....	Bls. 13

# 1 Um námsvefinn

Námsvefurinn, Jesús, sögur hans og líf er einkum ætlaður yngsta stigi Grunnskóla, þ.e. nemendum í 1- 4. bekk. Hann er ætlaður sem ítarefni eða stuðningsefni við það efni sem nú þegar er notað í kristinfræðikennslu. Umfjöllunarefni síðunnar er kristinfræði eins og hún kemur fyrir í Aðalnámsskrá grunnskóla þ.e. leitast er við að uppfylla markmið Aðalnámsskrár. Kennsluleiðbeiningarnar taka mið af því efni sem er á námsvefnum.

## 1.1 Til kennara

Við mælum með því að kennari lesi eftirfarandi sögur úr Biblíunni fyrir nemendur áður fjallað er nánar um efnið. Til er mikill fjöldi af hinum ýmsu barnabíblíum sem eru margar hverjar miðaðar við ákveðinn aldur. Flest skólabókasöfn eða héraðsbókasöfn eiga barnabíblíur sem hægt er að fá lánaðar.

## 1.2 Myndbönd:

Myndböndin fjalla hvert og eitt um eina sögu úr Biblíunni. Myndböndin eru öll í kringum 4. mínútur á lengd. Hægt er að sýna nemendum myndböndin í gegnum skjávarpa og ræða síðan um þau.

## 1.3 Söngur:

Bæði er hægt að hlusta á lög og lesa texta laganna á vefsíðunni. Í kennsluleiðbeiningum er bent á lög sem gott er að hlusta á í tengslum við hverja sögu.

## 1.4 Bænir:

Á vefsíðunni er að finna morgun- og kvöldbænir ásamt almennum bænum. Hægt er að hlusta á þær allar ásamt því að lesa þær á vefsíðunni. Bænirnar henta vel sem utanbókarlærdómur, t.d í heimanám.

## 2 Sakkeus

**Biblían:** Tekið úr Lúkas 19: 1-10.

**Kennsluhugmynd:** Lesa textann úr Biblíunni eða barnabiblíu. Sýna myndbandið

Sakkeus á vefsíðu.

### Umræður:

- ✚ Af hverju fór Sakkeus upp í tré?
- ✚ Hvað hafði Sakkeus gert?
- ✚ Af hverju vildi Jesús tala við Sakkeus?
- ✚ Hvernig getur þú verið góð/ur við aðra?

### Verkefni:

- Teikna mynd í tengslum við söguna
- Setja upp stuttan leikþátt í tengslum við söguna. Nemendur geta t.d málað stórt tré og límt við borð og einn nemandi getur staðið á borði þegar hann leikur Sakkeus upp í trénu

**Söngur:** Í bljúgri bæn, Í Lúkas 19.

### 3 Miskunnsami Samverjinn

**Biblían:** Tekið úr Lúkas 10: 30-35

**Kennsluhugmynd:** Lesa textann úr Biblíunni eða barnabiblíu. Sýna myndbandið

Miskunnsami Samverjinn á vefsíðu.

#### Umræður:

- ✚ Af hverju ætli mennirnir hafi gengið framhá Samverjanum?
- ✚ Hvað vildi Jesús að kenna fólkinu með þessari sögu?
- ✚ Hvernig getur þú hjálpað öðrum?

#### Verkefni:

- Teikna mynd í tengslum við söguna
- Lita mynd úr sögunni (sjá litabók á heimasíðu)
- Klippa út og lita hús (sjá verkefni á heimasíðu)

**Söngur:** Ég vil dvelja í skugga vængja þinna, Hve dýrmæt er Guðs undranáð.

## 4 Týnda drakman

**Biblían:** Tekið úr Lúkas 15: 8-9

**Kennsluhugmynd:** Lesa textann úr Biblíunni eða barnabiblíu. Sýna myndbandið Týnda drakman á vefsíðu.

### Umræður:

- ✚ Af hverju notaði Jesús þessa dæmisögu?
- ✚ Hvað átti hann við?
- ✚ Hefur þú einhvern tímann týnt einhverju sem þú gast ekki hugsað þér að missa? Hvernig leið þér?
- ✚ Hefurðu einhvern tíma fundið aftur eitthvað sem þú týndir og vildir alls ekkii missa? Hvernig leið þér þá?

### Verkefni:

- Teikna mynd í tengslum við söguna
- Lita mynd úr sögunni (sjá litabók á heimasíðu)
- Fara í leikinn „Fela hlut“\*

\* Einn nemandi felur hlut og hinir leita að honum. Sá sem felur hlutinn getur gefið hinum vísbendingar, t.d þú ert heitur, þú ert kaldur. Tala um í tengslum við þetta hvað er gaman að finna það sem týnt er

**Söngur:** Gleði, gleði, gleði.

## 5 Bartímeus blindi

**Biblían:** Tekið úr Markús 10: 46-52

**Kennsluhugmynd:** Lesa textann úr Biblíunni eða barnabiblíu. Sýna myndbandið Bartímeus blindi á vefsíðu.

### Umræður:

- ✚ Hvernig ætli sé að vera blindur?
- ✚ Hvað gerði Jesús fyrir manninn?
- ✚ Hvernig getur þú hjálpað öðrum?

### Verkefni:

- Teikna mynd í tengslum við söguna
- Fara í leikinn *Hvar ertu Jakob*\*

- \* Tveir nemendur valdir. Bundið fyrir augun á öðrum nemandanum og hinn heldur á lyklakippu. Síðan á sá sem heldur á lyklakippunni að hrista hana en hinn sem bundið er fyrir augun á, á að reyna að ná honum. Sá sem bundið er fyrir augað á segir „Hvar ertu Jakob?” og þá hristir hinn kippuna. Leiknum líkur þegar sá sem bundið er fyrir augun á nær hinum.

**Söngur:** Takk takk Jesús, Guð gaf mér eyra.

## 6 Týndi sauðurinn

**Biblían:** Tekið úr Lúkas 15: 1-7

**Kennsluhugmynd:** Lesa textann úr Biblíunni eða barnabiblíu. Sýna myndbandið Týndi sauðurinn á vefsíðu.

### Umræður:

- ✚ Hvað er dæmisaga?
- ✚ Heldur þú að fólkið hafi skilið hvað Jesú var að kenna?
- ✚ Hvað var Jesús að kenna fólkinu með þessari dæmisögu?

### Verkefni:

- Teikna mynd í tengslum við söguna
- Lita mynd úr sögunni (sjá litabók á heimasíðu)
- Lamb (sjá verkefni á heimasíðu)



**Söngur:** Leiddu mína litlu hendi, Drottinn er minn hirðir, Ég vil ganga inn um hlið hans.



## 7 Mettun þúsundanna

**Biblían:** Tekið úr Matteus 14:13-21

**Kennsluhugmynd:** Lesa textann úr Biblíunni eða barnabiblíu. Sýna myndbandið Mettun þúsundanna á vefsíðu.

### Umræður:

- ✚ Hvað gerðist í þessari sögu?
- ✚ Hvað myndi þetta kallast? (kraftaverk)

### Verkefni:

- Fiskur úr pappadisk (sjá verkefni á heimasíðu)
- Teikna mynd í tengslum við söguna



**Söngur:** Daginn í dag.

## 8 Jesús blessar börnin

**Biblían:** Tekið úr Markús 10: 13-16

**Kennsluhugmynd:** Lesa textann úr Biblíunni eða barnabiblíu. Sýna myndbandið Sakkeus á vefsíðu.

### Umræður:

- ✚ Af hverju ætli lærisveinarnir hafi ekki viljað leyfa börnunum að koma til Jesú?
- ✚ Af hverju vildi Jesús tala við börnin?
- ✚ Hvernig líður þér þegar fullorðnir hlusta á þig?

### Verkefni:

- Teikna mynd í tengslum við söguna
- Jesús og börnin (sjá verkefni á vefsíðu)

**Söngur:** Jesús er besti vinur barnanna, Ó, Jesú bróðir besti, Barn þitt vil ég vera.

## 9 Eyrir ekkjunnar

**Biblían:** Tekið úr Markús 12:41-44

**Kennsluhugmynd:** Lesa textann úr Biblíunni eða barnabiblíu. Sýna myndbandið Eyrir ekkjunnar á vefsíðu.

**Umræður:**

- ✚ Af hverju benti Jesús lærisveinunum á ekkjuna?
- ✚ Hefur þú einhvern tíma gefið öðrum eitthvað?
- ✚ Hvernig líður þér þegar þú gefur með þér?

**Verkefni:**

- Teikna mynd af einhverju sem hægt er að vera án og hægt væri að gefa öðrum
- Safna fötum og gefa í Rauða krossinn (Nemendur gætu t.d safnað fötum heima fyrir)

**Söngur:** Ó, faðir, gjör mig lítið ljós.

## 10 Páskar

**Biblían:** Tekið úr Matteus 21:1-11 (Pálmasunnudagur)  
26:17-35 (Skírdagur)  
27: 1-66 (Föstudagurinn langi)  
28: 1-20 (Páskadagur)

**Kennsluhugmynd:** Lesa textann úr Biblíunni eða barnabiblíu. Sýna myndbandið Páskar á vefsíðu.

### Umræður:

- ✚ Hvers vegna er haldið upp á páska?
- ✚ Af hverju er pálmasunnudagur nefndur þessu nafni?
- ✚ Af hverju er skírdagur nefndur þessu nafni?
- ✚ Af hverju er föstudagurinn langi nefndur þessu nafni?

### Verkefni:

- Gröf Jesú (sjá verkefni á heimasíðu)
- Páskabók (sjá verkefni á heimasíðu)
- Teikna mynd í tengslum við söguna

**Söngur:** Niður við krossinn, Segðu mér söguna af Jesú, Stjörnur og sól.

## Heimildaskrá

*Biblían. Heilög ritning. Nýja testamentið.* 1981. Hið íslenska Biblíufélag, Reykjavík.

DLTK'S sites. 2007, 4.apríl. „*Bible crafts*”. Vefslóð: <http://www.dltk-bible.com/>

Iðunn Steinsdóttir og Sigurður Pálsson. 1997. *Birtan – handbók kennara.*  
Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Iðunn Steinsdóttir og Sigurður Pálsson. 1997. *Birtan.* Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Iðunn Steinsdóttir og Sigurður Pálsson. 1998. *Stjarnan – handbók kennara.*  
Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Iðunn Steinsdóttir og Sigurður Pálsson. 1998. *Stjarnan.* Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Iðunn Steinsdóttir og Sigurður Pálsson. 2000. *Regnboginn – handbók kennara.*  
Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Iðunn Steinsdóttir og Sigurður Pálsson. 2000. *Regnboginn.* Námsgagnastofnun,  
Reykjavík.